

glötuðu skjala, er hann telji rangt greind. Og þótt hann dragi í efa, að æðri dómur geti fjallað um málið vegna glötunar skjalanna, hefur hann ekki, þótt nægur tími hafi verið til, gert neinar ráðstafanir til að fá úrskurð Hæstaréttar um það efni. Að svo vöxnu máli þykja ekki lengur efni til að fresta málinu hér fyrir dómi gegn andmælum stefnda, og ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Vigfús Einarsson, greiði stefnda, Sverri Aðalbjörnssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1958.

Nr. 131/1957. **Bernhard Petersen**

(Kristján Guðlaugsson hrl.)

gegn

Birni Gottskálkssyni (Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí s. á. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Það er ósannað gegn andmælum áfrýjanda, að hann hafi

keypt af stefnda hrogn þau, er í málinu greinir, og verður því við það að miða, að um umsýslusölu hafi verið að tefla. En fram er komið, að eftir að áfrýjandi hafði tjáð stefnda, að hrognin hefðu reynzt skemmd og stefndi hafði í lok maí-mánaðar 1953 skoðað nokkurn hluta hrognanna í Svíþjóð, óskaði hann riftunar á samningi málsaðilja og bauðst til að taka hrognin aftur gegn greiðslu cif-kostnaðarins, sem áfrýjandi hafði innt af hendi. Þessu neitaði áfrýjandi og seldi hrognin allöngu síðar fyrir sænskar kr. 4050.00, í stað sænskra króna 5265.00, sem áfrýjandi greindi í upphafi, að mundu fást fyrir hrognin. Vegna þessarar synjunar áfrýjanda um að afhenda stefnda aftur hrognin og þar sem ekki eru leiddar að því lögfullar sönnur gegn andmælum stefnda, sem ekki var veittur kostur á að gæta hagsmuna sinna við þá skoðun á hrognunum, er í héraðsdómi greinir, að hrognin hafi þá verið svo skemmd, að stefndi hefði eigi getað selt þau fyrir það verð, sem upphaflega var gert ráð fyrir, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda andvirði hrognanna, miðað við það verð, að frádregnum kostnaði áfrýjanda, sem samkvæmt gögnum málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00, svo og þegar greiddum kr. 9.894.71. Stefndi telur andvirði hrognanna nema ísl. kr. 15.921.36, og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða þá fjárhæð, að frádregnum kr. 11.894.71, eða kr. 3.936.65 með vöxtum, eins og krafist er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bernhard Petersen, greiði stefnda, Birni Gottskálkssyni, kr. 3936.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 2.300.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. desember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Björn Gottskálks-

son útgerðarmaður, Skálavík á Seltjarnarnesi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1954, gegn Bernhard Petersen stórkaupmanni, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4.376.73, auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að um miðjan apríl 1953 hafi hann selt stefnda 39 tonn af sykursöltuðum hrognum fyrir sænskar kr. 135.00 tonnuna cif Gautaborg. Hrognin hafi verið send utan með v/s Brúarfossi 16. apríl 1953. Andvirði þeirra hafi numið ísl. kr. 15.921.36, en frá því beri að draga cif-kostnað, kr. 1.649.92, er stefndi hafi greitt, svo og kr. 9.894.71, er greiddar hafi verið upp í andvirðið, og standi þá hin umstefnda fjárhæð eftir.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gert þá nánari grein fyrir tildrögum þessara viðskipta, að sonur stefnda, Gunnar Petersen, hafi hringt til sín í síma svo og sent til sín og falast eftir hrognum til kaups. Kveðst stefnandi hafa svarað því til, að hann væri búinn að selja öll sín hrogn Gísla Vilhjálmsyni útgerðarmanni á Akranesi og yrði því að fá samþykki hans, ef hann ætti að geta látið stefnda nokkur hrogn í té. Síðan hafi hann hringt til Gísla, er hafi samþykkt, að hann mætti selja stefnda þau sykursöltuðu hrogn, er þá voru fyrir hendi hjá honum. Munnlegur samningur hafi síðan komizt á milli sín og Gunnars, að hann seldi stefnda 39 tonn af sykursaltaðra hroгна fyrir s. kr. 135.00 tonnuna, cif einhverri höfn í Svíþjóð.

Hefur stefnandi máli sínu til stuðnings lagt fram vottorð frá nefndum Gísla. Segir þar, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að selja honum öll þau hrogn, er stefnandi verkaði á vetrarvertíðinni 1953. Í byrjun apríl þetta ár hafi stefnandi hringt til hans og beðið hann að gefa sér eftir nokkuð af sykursöltuðum hrognum, sem stefndi vildi kaupa, og hafi hann samþykkt þetta.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að hann hafi ekki keypt umrædd hrogn, heldur tekið þau í umboðssölu af stefnanda. Þegar til Svíþjóðar kom, hafi hrognin reynzt skemmd og hafi loksins tekizt að selja þau fyrir samtals s. kr. 4.050.00 eða íslenskar kr. 12.735.23. Frá söluverðinu beri að draga cif-kostnaðinn, kr. 1.649.92, kostnað við geymslu síldarinnar í Svíþjóð og annan kostnað þar, kr. 935.90, og loks umboðslaun, 2% sölupóknun eða kr. 254.70. Mismuninn, kr. 9.894.71, hafi hann þegar greitt stefnanda.

Sonur stefnda, Gunnar, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Skýrir hann svo frá, að hann hafi unnið við fyrirtæki stefnda síðastliðin 14 ár og á þeim tíma hafi hrognaviðskiptum stefnda undan-
tekningarlaust verið þannig háttað, að stefndi hafi tekið verkuð hrogn í umboðssölu af framleiðendum gegn 2% sölubóknun. Hins vegar hafi það komið fyrir, að stefndi hafi keypt óverkuð hrogn og látið verka þau sjálfur. Gunnar telur víst, að hann hafi samið við stefnanda um viðskipti þau, er mál þetta snýst um, en ekki kveðst hann muna sérstaklega eftir, hvað þeim fór á milli. Þó telur hann víst, að ekki hafi verið samið öðruvísi um þessi viðskipti en önnur hrognaviðskipti stefnda, það er að segja, að umrædd hrogn hafi verið tekin af stefnanda í umboðssölu. Segir Gunnar, að venjulega fari hrognaviðskipti stefnda þannig fram, að stefndi fái pöntun á ákveðnu magni erlendis frá fyrir tiltekið verð. Síðan sé leitað til framleiðenda og þeirra oft margra um það, hve mikið magn hver þeirra vilji láta og þeim jafnframt skýrt frá hinu uppgefnu verði. Kveðst Gunnar venjulega annast þetta og gerir ráð fyrir, að hann hafi leitað til stefnanda um þátttöku í hrognasölu á apríl 1953.

Vísar stefndi til framburðar þessa til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að ekki hafi af hans hálfu verið um kaup á umræddum hrognum að ræða, heldur hafi hann tekið þau í umboðssölu af stefnanda, en framburðinum hefur stefnandi mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Í málinu kemur fram, að í maímánuði 1953 tók stefndi 30 tunnur af sykursöltuðum hrognum af stefnanda í umboðssölu, og telur stefndi, að þetta styðji það, að einnig hin fyrri viðskipti hafi verið umboðssala.

Telja verður, að sönnunarbyrðin varðandi það, að hér hafi verið um umboðssölu að ræða, hvíli á stefnda, en hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað nægilega, að svo hafi verið, enda liggur næst að leggja skýrslu stefnanda fyrir dómi til grundvallar um það, hvernig samizt hafi um viðskiptin, þar sem viðsemjandi hans man ekki sérstaklega eftir því, hvað þeim fór á milli. Verður því við úrlausn málsins á því byggt, að stefnandi hafi selt stefnda umræddar 39 tunnur af sykursöltuðum hrognum fyrir s. kr. 135.00 tunnuna, cif Gautaborg, en að því er verðið snertir, er viðurkennt, að gangverð á óskemmdum sykursöltuðum hrognum hafi í Svíþjóð á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið s. kr. 135,00 tunnan.

Eftir 64. gr. sbr. 63. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922

er vara komin í ábyrgð kaupanda, þegar hún hefur verið afhent flutningsmanni eða henni komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr. sömu laga. Afhendingarstaður umræddrar hrognasendingar var því á skipsfjöl hér, og það er allsendis ósannað, að hrognin hafi verið skemmd eða gölluð, þegar þau voru afhent. Engin skoðun á þeim fór þá fram.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafist hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni og dr. Jakobi Sigurðssyni forstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen, greiði stefnanda, Birni Gottskálkssyni, kr. 4.376.73 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 13. maí 1958.

Nr. 119/1956. **Jón Guðmundsson** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Sigurði Hjálmtýssyni

(Gústaf A. Sveinsson hrl)

og gagnsök.

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skulda- og skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 90.307.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. apríl 1953